

Grænfánaverkefni Árskógar skóla

Skólaárin 2018-2019 og 2019-2020



Loftslagsbreytingar og samgöngur

Haustið 2018 völdu nemendur sér verkefnið Loftslagsbreytingar og samgöngur sem er eitt af 7 þemu grænfánaverkefnisins.

Í þemanu felst:

Hvað eru loftslagsbreytingar? Hvaða áhrif hafa loftslagsbreytingar? Af hverju stafa þær? Hvað getum við gert til að sporna við þeim? Hvernig komum við í skólann? Komum við gangandi, hjólandi, á bíl eða með strætó? Hvaða áhrif hafa mismunandi samgöngutæki á umhverfið? En heilsuna?

Meðal þess sem við nemendur höfum skoðað sérstaklega er:

- Hvað eru loftslagsbreytingar og vistspor.
- Hvernig komum við í skólann. Höfum skoðað nýtingu á skólarútu en mjög misjafnt er eftir hvaða tíma dags hver nýtingin er.
- Mengun faratækja
- Mælt hitastig.
- Hvað getum við gert til að sporna við loftslagbreytingum.
- Uppruna matar og matarsóun.

Nemendur og starfsfólk komust að því að ýmsar ákvarðanir í sveitarfélaginu hafa mikil áhrif á það hversu vel skólar geti unnið að umhverfismálum.

Sem dæmi má nefna í tengslum við loftslagsbreytingar og samgöngur:

- Ákvarðanir er varða göngu- og hjólreiðastíga í dreifbýli og þéttbýli.
- Hvatning/umbun til starfsmanna að mæta til vinnu á vistvænan hátt.
- Uppruna matar í skólum.



Árskógaraskóli-Kötlukot

Við höfum skoðað sérstaklega hugtakið vistspor og hvað við getum gert til þess að fækka þeim.

Vistspor



- Vistspor, er það sem við mengun, markmiðið er að setja sem fæst vistspor á jörðina. Með því að taka eins fá vistspor eins og hægt er við getum við skilað jörðinni í eins ástandi eða betra en er í dag.
- Vistspor er það sem við notum af því sem jörðin gefur, t.d. matur, vatn, bensín og olja. Þegar við framleiðum eitthvað, mengum og hendum myndast vistspor. Því meira sem við notum því stærra vistspor. Þegar við búum til t.d rafmagn og ræktum, breytum við nátturinni og þar með heimili dýra.
- Við ákváðum að skoða vistsporin út frá matnum: **Kartöflur og Hrísgrión.**

Kartöflugarður



Ef við búum til kartöflugarð þá þurfum að moka í jörðina. Segjum sem svo að það sé hálf vistspor.



Íslenskar kartöflur



Ef við kaupum íslenskar kartöflur út í búð þá er það eitt og hálf t vistspor því það þarf að flytja kartöflurnar í búðina og við keyrum í búðina til að kaupa þær.



Innfluttar kartöflur

EF við kaupum innfluttar kartöflur eru það 5 vistspor því þær eru fluttar til Íslands með flugi.



Hrísgrjón

EF við kaupum hrísgrjón í búðinni eru það 10 vistspor



Hrísgrjón

Því þau eru flutt enn lengri leið og hrísgrjón þurfa mjög mikið vatn. Vatnið er tekið frá ám og vötnum, þannig að þau minnka.



Flutningar um hnöttinn



Hér sjáið þið leiðirnar sem hrísgrjónin og karteflurnar þurfa að fara.

Árskógaraskóli 1. – 4. bekkur

Við höfum mælt hitastig og skoðað matarsóun.

Kynning fyrir samnemendur okkar varðandi hitastigið.




Grænfánaverkefni 2018 - 2020

- Unnið var með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun á grunnskólastigi, og nemendur í 1. – 3. bekk kynntu sér betur 12. markmið sem er um ábyrga neyslu og framleiðslu.
- Yngsta stig ákvað að afla sér upplýsinga um matarsóun á Íslandi og annars staðar á hnettinum.
- Nemendur horfðu á þáttinn *Hvað höfum við gert*, sem tengdist matarsóun og sýndur var á RÚV í síðasta vetur.
- Umræður spunnust út frá því og ákveðið var að nemendur myndu útbúa sitt eigið myndband um matarsóun sem var síðan sýnd á skólapinginu.
- Meðal annars reiknuðu nemendur út að hver einstaklingur sé að henda mat fyrir 170.000 kr. á ári og jafngildir það því að allir samanlagðir í Árskógarskóla (nemendur og starfsfólk) séu að henda mat fyrir um 9.000.000 kr. á ári.

Grænfánaverkefni 2018 – 2020 (frh)

- Einnig mældu nemendur hitastig frá janúar til maí 2019.
- Bleika plakatið eru mælingar frá því skólaárið 2018-2019, appelsínugula er það sem verið er að vinna með skólaárið 2019-2020.



Grænfánaverkefni 2019 - 2020

- 1. – 4. bekkur mun endurtaka mælingar á hitastigi, frá lok október 2019 fram í lok maí 2020.
- Vigta bæði matarleifar nemenda og starfsfólks frá byrjun nóvember 2019 til lok árs 2019.

Vigtun á matarleyfum

| Nóvember | Þyngd | Desember | Þyngd |
|----------|-------|----------|-------|
| 1. | | 2. | |
| 4. | | 3. | |
| 5. | | 4. | |
| 6. | | 5. | |
| 7. | | 6. | |
| 8. | | 9. | |
| 11. | | 10. | |
| 12. | | 11. | |
| 13. | | 12. | |
| 14. | | 13. | |
| 15. | | 16. | |
| 18. | | 17. | |
| 19. | | 18. | |
| 20. | | 19. | |
| 21. | | 20. | |
| 22. | | | |
| 25. | | | |
| 26. | | | |
| 27. | | | |
| 28. | | | |
| 29. | | | |